

Ed. **300. Frumvarp til laga** [152. mál]
um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Síðari málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:
Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1964 voru samþykkt lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Var um það full samstaða á Alþingi, að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimanna-prófs væri staðsettur þar.

Á hinn bóginn eru í lögnum ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans. Um það atriði var ágreiningur. Þótti mörgum eðlilegt, að ríkið greiddi kostnað við skólann eins og við aðra þætti sjómannafræðslunnar, en notfærði sér ekki þann áhuga, sem fyrir skólanum er meðal Vestmanneyinga, til þess að koma kostnaðinum af honum yfir á þá eina.

Rekstur skólans hefur í för með sér tilfinnanlegan kostnað fyrir Vestmanneyinga. Telja má víst, að engum þyki eðlilegt, að einstök bæjarfélög taki að sér hluta af sjómannafræðslunni í landinu til frambúðar, þó að meiri hluti Alþingis teldi það eftir atvikum rétt í byrjun, meðan skólinn var að sanna sinn tilverurétt.

Nú þykir flutningsmanni rétt að kanna, hvort ekki sé orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi, að ríkið taki að sér kostnað af þessum skóla eins og öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Frumvarp þetta miðar að því, og eru ekki fólgnar í því aðrar breytingar á lögnum.